



Safnaðarblað Akureyrarkirkju

September 2014

Ábyrgðarmenn: Gyða Sigþórsdóttir og Svavar Alfreð Jónsson

Meira en messur

Því er stundum haldið fram að kirkjur landsins séu meira og minna tómar árið um kring. Þar sé eiginlega ekkert um að vera nema messurnar á sunnudögum og gestina á þeim samkomum megi telja á fingrum sér.

Stöku sinnum megi þó bæta við tánum.

Þeir sem hafa fyrir því að kynna sér málin vita, að þetta er ekki sannleikanum samkvæmt. Nú er verið að kynna vetrarstarf kirknanna fyrir landslýð. Þar kemur fram að kirkjustarfið er bæði þróttmikið og fjölbreytt.

Pau sem einblínt hafa á sunnudags-

messurnar þegar kirkjan er annars vegar geta haldið því áfram ef þau kjósa svo. Þær athafnir verða á sínum stað – en heilmikið annað er um að vera í Akureyrarkirkju fyrir þau sem vilja sjá meira en messurnar þótt þær séu finar:

Sunnudagaskóli, TTT-starf, foreldramorgnarnar, æskulýðsfélag, starf fyrir syrgjendur, tólf spora hópar, æðruleysismessur, tónleikar, kvenfélag, fyrirbænastundir, barnakórar, paramessur, samverur fyrir eldri borgara, myndlistarsýningar og fjölskyldumessur, svo nokkuð sé nefnt.

Þar að auki streymir fólk til kirkjunnar

við tímamót á mannsævinni. Þar eru börn skírð, ungmenni fermd, hjón gefin saman og látnir kvaddir.

Við sem njótum þeirra forréttinda að fá að vinna fyrir Akureyrarkirkju finnum að fólki þykir vænt um kirkjuna sína. Akureyrarkirkja er fallett hús á fallettum stað.

Við biðjum til Guðs að starfið í húsa-kynnum kirkjunnar sé líka fallett og bæti og fegri mannlífið.

Mættum við öll njóta kirkjustarfsins í vetur og blessast af því.

Sr. Svavar Alfreð Jónsson

Barna og unglingastarf Akureyrarkirkju veturinn 2014-2015

Í Akureyrarkirkju er boðið upp á skemmtilegt kirkjustarf fyrir börn og unglinga á öllum aldri yfir vetrartímann.

Á hverjum sunnudegi er sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11.00. Þetta eru skemmtilegar stundir fyrir börn og fullorðna. Mikill söngur, sögur og gleði. Hægt er að staldra við eftir hverja samveru og spjalla og fá sér kaffisopa á meðan börnin lita myndir. Einu sinni í mánuði er svo fjölskylduguðspjónusta en þá er sunnudagaskólasamfélagið í kirkjunni ásamt barnakórum kirkjunnar. Um sunnudagaskólann í vetur sjá sr. Sunna Dóra Möller og Hjalti Jónsson.

Á miðvikudögum er boðið upp á eftirfarandi starf fyrir börn og unglinga:

Kirkjukrakkar (6-9 ára) í Safnaðarheimilinu kl. 15.00-16.00. Þetta eru lifandi og skemmtilegar stundir, sögur sagðar, leikir og fjör.

TTT (10-12 ára) í Safnaðarheimilinu kl. 17.00-18.00. Samverur fyrir börn í 5.-7. bekk. Leikir, fræðsla og spjall um lífið og tilveruna.

ÆFAK – Æskulýðsfélag Akureyrarkirkju í Safnaðarheimilinu kl. 20.00-21.30. Samverur fyrir unglinga í 8. bekk og eldri. Þetta eru fjörugar stundir þar sem farið er í leiki, spjallað og brallað. Æskulýðsfélagið

hefur farið árlega á Landsmót Æskulýðs-sambands Þjóðkirkjunnar. Stefnum þangað aftur í ár en nú er það haldið á Hvammstanga síðustu helgina í október og hvetjum við þau sem vilja taka þátt að vera með í starfinu frá upphafi.

Allar upplýsingar um æskulýðsstarf kirkjunnar veitir sr. Sunna Dóra Möller æskulýðsprestur sunnadora@akirkja.is.

Flygill í Akureyrarkirkju

Langþráður draumur okkar varð að veruleika í sumar, þegar skrifað var undir kaup-samning á glæsilegum flygli. Hann er af gerðinni Shigeru Kawai, handsmiðað eðalhljóðfæri. Flygillinn var áður í Ketilhúsinu. Akureyrarkirkja er afar gott tónlistarhús og með tilkomu flygilsins aukast möguleikarnir gríðarlega, ekki bara í helgiöldinni, heldur einnig í öllu tónleikahaldi. Flygillinn er sérlega hljómfagurt hljóðfæri og nýtur sín fullkomlega í kirkjunni.

Til að fjármagna kaupin seldum við litla pípuorgel kirkjunnar, en það nýtur sín nú vel í Þorgeirskirkju. Haukur Ágústsson og Hilda Torfadóttir stofnuðu flygilsjóð fyrir nokkrum árum með ríku-legu framlagi. Við erum þeim hjónum afar þakklát.



Kirkjukrakkar á góðri stund.

Barnakórar Akureyrarkirkju

Barnakórarstarfið í kirkjunni er að hefjast og margt spennandi á dagskránni í vetur, m.a. ferðalag og æfingabúðir, aðventuhátíð, jólahelgileikur og margt fleira.

Í kórnum er sungin fjölbreytt og skemmtileg tónlist. Áhersla er lögð á raddbeitingu, raddheilbrigði, líkamsbeitingu, hlustun og framkomu og óhætt að segja að mikil tónlistarkennsla felist í kórarstarfinu auk þess sem áhersla er lögð á að góður andi sé í hópnum og að öllum líði vel.

Margir nýir félagar hafa bæst í hópinn og öll áhugasöm börn eru hvött til að koma og taka þátt í skemmtilegu og skapandi tónlistarstarfi sem jafnframt er ókeypis. Æfingar yngri kórsins (2.-4. bekkur) eru á fimmtudögum frá kl. 15.00-16.00 og æfingar eldri kórsins (5.-7. bekkur) eru á fimmtudögum frá kl. 16.00-17.00. Sigrún Magna Þórsteinsdóttir hefur umsjón með kórarstarfinu í vetur.

Skráning fer fram Sigrúnu Mögnu í síma 462-7700 eða sigrun@akirkja.is



Eldri barnakórinn í heimsókn í Sauðárkróskirkju.

Kynning á starfi 12-sporanámskeiðanna í Akureyrarkirkju

12-sporanámskeið hafa verið haldin í kirkjunni um margra ára skeið. Þau eru þátttakendum að kostnaðarlausu og standa yfir lungann úr vetrinum, öll miðvikudagskvöld.

Þess misskilnings gætir nokkuð að námskeiðin séu aðeins ætluð fólki sem glímur við óhóflega áfengisneyslu. Því fer víðs fjarri. Þó námskeiðin byggist á 12-sporakerfi AA samtakanna eru þau ætluð öllu fólki sem hefur áhuga á að kynnst sjálfu sér, styrkleikum sínum og brestum, sættast við fortíðina og finna innri ró og hamingju. Sagt hefur verið um 12-sporaleiðina:

- Ef þér gengur illa að takast á við lífið og átt erfitt með samskiptin heima, í vinnunni eða annars staðar, þá eru 12 sporin gott verkfæri.
- Ef þig langar að ná meiri árangri í lífinu og betra tilfinningalegu jafnvægi, þá eru 12-sporin gott verkfæri.
- Ef þér líður illa með sjálfa/n þig en veist ekki af hverju, þá eru 12-sporin gott verkfæri.
- Ef þér líður illa með sjálfa/n þig og veist af hverju, þá eru 12-sporin gott verkfæri.

12-sporin eru vissulega gott verkfæri.

Þátttakendur læra að beita þessu verkfæri og þroska með sér vilja/fúsleika til að nota það. Margir telja að besti árangurinn náist með því að vera með öðru fólki á þessu andlega ferðalagi. Leiðbeinendur njóta þeirra forréttinda að hafa síendurtekið séð kvikna lífsneista í áður döprum augum og heyrum fólk deila reynslu sinni um hvernig þessi vinna hefur breytt lífi þess til batnaðar.

12-spora starfið hefst í lok september. Allir eru innilega velkomnir.

Brynja Sigurólásdóttir.

Samhygð – samtök um sorg og sorgarviðbrögð

Samhygð, samtök um sorg og sorgarviðbrögð á Akureyri og nágrenni voru stofnuð í desember 1989 af hópi fólks sem hafði kynnst sambærilegum félagskap í Reykjavík og fann að það var mikil þörf fyrir svona sjálfshjálparhópa á landsbyggðinni. Frá upphafi voru fundir haldnir hálfsmánaðarlega allt árið í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju. Á veturna var reynt að vera með fyrirlestur í hverjum mánuði um hin ýmsu efni. Nú starfar félagið einu sinni í mánuði frá september til júní og er áætlað að vera með fyrirlestra/erindi 6 til 7 sinnum yfir starfsárið. Mark-

mið samtakanna er að veita þeim stuðning sem koma að leita sér hjálpar eftir ýmis sorgaráföll er upp koma í lífinu, hvort heldur það er ástvinamissir, alvarleg veikindi, fötlun, atvinnumissir, skilnaður, gjaldþrot eða hvað annað. Það hjálpar heilmikið að geta talað við einhvern í trúnaði um sorgir sínar og áhyggjur og vita að sá hinn sami hefur upplifað sömu tilfinningar og efasemdir um framtíðina, en getur nú litið glaður fram á veginn.

Fundir Samhygðar eru í fundarsal Safnaðarheimilis Akureyrarkirkju, gengið inn hjá kapellunni. Opið hús/fundir byrja

kl. 20.00 og eru auglýstir í Dagskránni og N4.

Stjórn Samhygðar veturinn 2014-2015 eru:

Kristín E. Sveinbjörnsdóttir, formaður, sími 462-6965 og 847-4250, netfang kittyes@simnet.is
Hugrún Stefánsdóttir, gjaldkeri.
Haraldur Bjarnason
Dagný Rut Bjarnadóttir

Varastjórn:

Ólöf Tryggvadóttir
Veffang Samhygðar: www.samhygd.is

Upphaf vetrarstarfs Akureyrarkirkju

Sunnudaginn 14. september næstkomandi fögnum við upphafi vetrarstarfs kirkjunnar með fjölskyldumessu í Akureyrarkirkju kl. 11.00.

Sunnudagaskóli vetrarins hefst formlega í þessari messu. Söngur, biblúsaga og

almenn gleði. Um stundina sjá sr. Svavar Alfreð Jónsson, sr. Hildur Eir Bolladóttir, sr. Sunna Dóra Möller og Hjalti Jónsson. Félagar úr Kór Akureyrarkirkju leiða almannan söng. Organisti er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir.

Að stund lokinni er boðið upp á léttar veitingar í Safnaðarheimilinu og gefst fólki tækifæri til að spjalla við starfsfólk kirkjunnar um starfið í vetur og fá frekari upplýsingar um það sem í boði er. Verið hjartanlega velkomin.

Kvöldmessur

Paramessa

Fyrsta Paramessa vetrarins verður sunnudagskvöldið 14. september kl. 20.00. Hjónin Sigríður Stefánsdóttir og Erlingur Sigurðarson segja frá sambúð við ólæknaði sjúkdóm og hjónin Elín Björg Jónsdóttir og Óli Agnarsson deila reynslu sinni af því að vera hjón eftir barnsmissi.

Lára Sóley Jóhannsdóttir og Hjalti Jónsson sjá um tónlistina og hjónin Hjörleifur Örn Jónsson og Rannveig Elíasdóttir flytja tvö lög. Prestur er séra Hildur Eir Bolladóttir.

Bleik messa 19. október

Sunnudagskvöldið 19. október klukkan 20.00 verður Bleik messa í Akureyrarkirkju. Tónlistarþemað verða lög Dusty Springfield en söngkonan ástsæla lést úr brjóstakrabbameini árið 1999. Lára Sóley Jóhannsdóttir og Hjalti Jónsson sjá um

tónlistina ásamt Súlknakór Akureyrarkirkju undir stjórn Sigrúnar Mögnu Þórsteinsdóttur. Þá verða fluttar reynslusögur og hugleiðingar og tekin samskot til styrktar krabbameinsrannsóknum. Prestar eru séra Hildur Eir Bolladóttir og séra Sunna Dóra Möller.

Foreldramorgnar

Foreldramorgnar eru alla miðvikudaga milli klukkan 10.00 og 12.00 í Safnaðarheimilinu.

Á foreldramorgnum koma mömmur og pabbar saman með ungana sína, ræða heimsins gagn og nauðsynjar, deila reynslu sinni af því að eiga barn og vera foreldri.

Morgunverður er í boði á vægu verði og kaffi, te og vatn eins og hver getur í sig látið. Umsjón hefur Ásrún Ýr Gestsdóttir.

Kyrrðar- og fyrirbæna-stundir

Í hverju fimmtudagshádegi eru kyrrðar- og fyrirbæna-stundir í Akureyrarkirkju. Þetta eru ljúfar og notalegar stundir með orgelleik, orði og bæn.

Kvenfélag Akureyrarkirkju sér um léttar veitingar í Safnaðarheimilinu eftir stundina á vægu verði. Í dagsins amstri er gott að taka frá stund til að kyrra hugann í bæn og þökk og þessar stundir tilvaldar til þess og ekki spillir fyrir að hægt er að eiga gott borðsamfélag að lokinni stund og spjalla saman í kirkjunni um lífið og tilveruna. Stundirnar hefjast kl. 12.00 og allir hjartanlega velkomnir.

Stúlknakór Akureyrarkirkju

Vetrarstarfið er hafið hjá Stúlknakór Akureyrarkirkju og eru æfingar einu sinni í viku, á fimmtudögum frá klukkan 17:30-19:00.

Kórinn kemur reglulega fram í helgi-haldi kirkjunnar og sér um tónlistarflutning við kvöldmessur, fermingar og einstöku sinnum við venjulegar messur á sunnudegi. Auk hefðbundinnar kirkjutónlistar syngur kórinn dægurlög, þjóðlög, íslenska nútímatónlist og síðast en ekki síst stórverk klassísku tónskáldanna.

Kórinn hefur haldið tugi sjálfstæðra tónleika, bæði á Íslandi og erlendis en einnig sungið með fjölda þekktra tónlistarmanna. Stúlknakórinn hefur farið á tveggja til þriggja ára fresti í tónleikaferð til Evrópu, t.d. til Svíþjóðar, Finnlands, Slóveníu, Austurríkis, Noregs og Þýskalands. Stefnt er á að fara í næstu utanlandsferð sumarið 2015.

Mikill metnaður er lagður í að halda úti öflugum félagsstarfi fyrir stúlkurnar auk tónlistarkennslu og áhersla er lögð á að öllum líði vel í kórnum.

Stjórnandi Stúlknakórs Akureyrarkirkju er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir en hún er með meistaraþráðu í kórstjórn

og orgelleik frá Konunglega tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn.

Í Stúlknakór Akureyrarkirkju eru núna 30 stúlkur og eru þær nemendur í Brekkuskóla, Lundarskóla, Naustaskóla, Oddeyrarskóla, Hrafnagilsskóla, Verkmenntaskólanum á Akureyri og Mennta-

skólanum á Akureyri. Nýjar söngelskar stúlkur á aldrinum 13-19 ára eru velkomnar í hópinn. Til að fá nánari upplýsingar má hafa samband við Sigrúnu Mögnu í síma 462-7700 eða með því að senda henni tölvupóst á netfangið sigrun@akirkja.is



Stúlknakór Akureyrarkirkju á vortónleikum.

Sumartónleikar í Akureyrarkirkju

Sumartónleikar í Akureyrarkirkju voru haldnir alla sunnudaga í júlímánuði í kirkjunni eins og undanfarin ár en þetta er í 28. sinn sem tónleikaröðin er haldin. Fjöldi fólks naut tónleikanna og erum við hér í kirkjunni þakklát áheyrendum sem tóku tónlistarfólkinu afar vel.

Flytjendur í ár voru Hörður Áskelsson, orgelleikari ásamt Ingu Rós Ingólfssdóttur sellóleikara og Guðrúnu Hrund Harðardóttur víóluleikara. Helena G. Bjarnadóttir sópran, Petrea Óskarsdóttir flautuleikari, Lára Sóley Jóhannsdóttir fiðlu-leikari og Sigrún Magna Þórsteinsdóttir orgelleikari fluttu barokktónlist. Jón Þorsteinn Reynisson lék á harmoniku og Jón Þorsteinsson barítón og Eyþór Ingi Jónsson orgelleikari fluttu sönglög.

Það er einstaklega ánægjulegt að geta boðið Norðlendingum og ferðamönnum upp á fallega og vel flutta tónlist endurgjaldslaust og viljum við koma á framfæri þakklæti til styrktaraðila tónleikanna en það eru Akureyrarbær, Héraðssjóður Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis og Icelandair Hotels. Án þeirra hefði



Jón Þorsteinn Reynisson, harmonikuleikari.

ekki verið mögulegt að halda tónleikaröðinni áfram með sama sniði.

Gestum tónleikanna þökkum við kærlega fyrir komuna og vonumst til að sjá sem flesta á sumartónleikum árið 2015.

Starfið í Akureyrarkirkju

September

Sunnudagurinn 14. september

Upphaf vetrarstarfs í Akureyrarkirkju.
Fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11.00.
Léttar veitingar í Safnaðarheimilinu strax á eftir.
Paramessa í Akureyrarkirkju kl. 20.00.

Þriðjudagurinn 16. september

Fermingarfræðsla kl. 15:15-17:00.
Hópur I, Brekkuskóli.

Sunnudagurinn 21. september

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.
Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Þriðjudagurinn 23. september

Fermingarfræðsla kl. 15:15-17:00.
Hópur II, Lundarskóli.

Sunnudagurinn 28. september

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.
Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Þriðjudagurinn 30. september

Fermingarfræðsla kl. 15:15-17:00.
Hópur III, Oddeyrar- og Naustaskóli.

Október

Fimmtudagur 2. október

Samvera eldri borgara í Safnaðarheimilinu kl. 15:00-17:00.

Sunnudagurinn 5. október

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.
Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Mánudagurinn 6. október

Samvera á Lögmannshlíð kl. 14.00.

Þriðjudagurinn 7. október

Fermingarfræðsla kl. 15:15-17:00.
Hópur I, Brekkuskóli.

Sunnudagurinn 12. október

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.
Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Þriðjudagurinn 14. október

Fermingarfræðsla kl. 15:15-17:00.
Hópur II, Lundarskóli.

Sunnudagurinn 19. október

Fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.
Bleik messa í Akureyrarkirkju kl. 20.00.

Þriðjudagurinn 21. október

Fermingarfræðsla kl. 15:15-17:00.
Hópur III, Oddeyrar- og Naustaskóli.

Sunnudagurinn 26. október

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.
Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.
Guðsþjónusta á Lögmannshlíð kl. 14.00.

Þriðjudagurinn 28. október

Fermingarfræðsla kl. 15:15-17:00.
Hópur I, Brekkuskóli.

Nóvember

Sunnudagurinn 2. nóvember, allra beilagra messa

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.
Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Þriðjudagurinn 4. nóvember

Söfnun fyrir hjálparstarf kirkjunnar,
öll fermingarbörn mæta þennan dag.

Fimmtudagurinn 6. nóvember

Samvera eldri borgara í Safnaðarheimilinu kl. 15:00-17:00.

Sunnudagurinn 9. nóvember, kristniboðsdagurinn

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.
Messa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.
Guðsþjónusta á Hlíð kl. 14.00.

Þriðjudagurinn 11. nóvember

Fermingarfræðsla kl. 15:15-17:00.
Hópur II, Lundarskóli.

Sunnudagurinn 16. nóvember

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.
Hátíðarguðsþjónusta í Akureyrarkirkju

kl. 14:00. Fjáröflunardagur Kvenfélags Akureyrarkirkju.

Þriðjudagurinn 18. nóvember

Fermingarfræðsla kl. 15:15-17:00.
Hópur III, Oddeyrar- og Naustaskóli.

Sunnudagurinn 23. nóvember,

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.
Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Þriðjudagurinn 25. nóvember

Fermingarfræðsla kl. 15:15-17:00.
Hópur I, Brekkuskóli.

Sunnudagurinn 30. nóvember,

1. sunnudagur í aðventu.

Fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Fastir liðir

Mánudagar:

Sóknarnefndarfundir eru fyrsta mánudag hvers mánaðar.
Handavinnufundur Kvenfélags Akureyrarkirkju annan mánudag hvers mánaðar.

Þriðjudagar:

Morgunsöngur í kapellu kl. 9:00.
Æfing Kórs Akureyrarkirkju kl. 19:45-22:00.

Miðvikudagar:

Foreldramorgunn kl. 10:00 – 12:00.
Kirkjukrakkar í kapellu kl. 15:00-16:00.
TTT í kapellu kl. 17:00-18:00.
ÆFAK í Safnaðarheimilinu kl. 20:00-21:30.
12 spora starf í fundarsal kl. 20:00-22:00.

Fimmtudagar:

Kyrrðar- og fyrirbænastund kl. 12:00.
Léttur hádegisverður í Safnaðarheimilinu eftir stundina.
Æfing yngri barnakórsins í kapellu kl. 15:00-16:00.
Æfing eldri barnakórsins í kapellu kl. 16:00-17:00.
Æfing Stúlnakórsins í kapellu kl. 17:30-19:00.